

Ár 2019, miðvikudaginn 27. mars, er í Félagsdómi í málinu nr. 7/2018

Landssamband slökkviliðs- og
sjúkraflutningamanna

(*Gísli Guðni Hall lögmaður*)

gegn

Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs.

(*Anton B. Markússon lögmaður*)

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r:

Mál þetta var dómtekið 5. febrúar síðastliðinn.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Ásmundur Helgason, Ragnheiður Harðardóttir, Gísli Gíslason og Sonja H. Berndsen.

Stefnandi er Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Brautarholti 30, Reykjavík.

Stefndi er Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Skógarhlíð 14, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefnda hafi verið óheimilt samkvæmt grein 2.1.2 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna að taka upp einhliða á árinu 2015 svokallað blandað átta og tólf tíma vaktkerfi fyrir hluta starfandi sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanna hjá stefnda.

Þá krefst stefnandi þess að viðurkennt verði með dómi að stefnda beri að greiða slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum, sem vinna samkvæmt umræddu blönduðu átta og tólf tíma vaktkerfi, vaktaálag samkvæmt grein 2.7 í sama kjarasamningi.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir

Stefnandi, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, er stéttarfélag sem gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna. Stefndi er byggðasamlag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og sinnir meðal annars brunavörnum samkvæmt lögum nr. 75/2000. Þá mun stefndi annast sjúkraflutninga á

höfuðborgarsvæðinu samkvæmt samningi við íslenska ríkið, sbr. 33. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og reglugerð nr. 262/2011, um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga.

Stefnandi og Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaga og annarra aðila, sem það hefur samningsumboð fyrir, undirrituðu kjarasamning 16. mars 2016 með gildistíma frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019. Í fyrsta kafla samningsins er fjallað um kaup. Þar eru meðal annars ákvæði um föst mánaðarlaun, röðun í launaflokka, yfirvinnukaup og persónuuppbót. Grein 1.6 ber yfirskriftina „Álagsgreiðslur – vaktaálag“. Þar segir í grein 1.6.1 að vaktaálag sé „greitt til þeirra starfsmanna sem vinna vaktavinnu, bakvaktir og aðra vinnu sem fellur utan dagvinnutímabils en er hluti vikulegrar vinnuskyldu (sbr. grein 2.3.3)“. Þá segir þar að vaktaálag sé greitt „vegna afbrigðilegs vinnutíma og óþægilegs vinnutíma“: Orðrétt segir síðan í ákvæðinu:

Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi, sbr. 1.4.1. Vaktaálag skal vera:

33,33% kl. 17:00 – 24:00 mánudaga til fimmtudaga

55,00% kl. 17:00 – 24:00 föstudaga

55,00% kl. 00:00 – 08:00 mánudaga til föstudaga

55,00% kl. 00:00 – 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga

90,00% kl. 00:00 – 24:00 stórhátíðardaga, sbr. 2.1.4.3.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

Í 2. kafla samningsins er fjallað um vinnutíma. Samkvæmt grein 2.1.1 er vinnuvika starfsmanna í fullu starfi 40 stundir nema samið sé sérstaklega um skemmri vinnutíma. Í grein 2.1.2 kemur fram að með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar sé heimilt að haga vinnu með öðrum hætti en greinir í kaflanum. Einnig sé unnt að semja við einstaka starfsmenn um rýmkun á dagvinnutímabili sem og um ákveðið frjálsræði um hvenær þeir gegni vinnuskyldu enda mæti það sameiginlegum þörfum starfsmanns og stofnunar. Í grein 2.2.1 segir að dagvinna skuli unnin á tímabilinu frá klukkan 08:00 til klukkan 17:00 frá mánudegi til föstudags að báðum dögum meðtöldum. Það telst hins vegar yfirvinna ef vinnan fer fram utan tilskilins dagslegs vinnutíma eða vinnuviku starfsmanns, sbr. grein 2.3.1, og einnig ef vinnan er innt af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu þótt á dagvinnutímabili sé.

Í grein 2.6 er sérstaklega fjallað um vaktavinnu. Þar segir orðrétt í grein 2.6.1: „Þeir sem vinna á reglubundnum vöktum skulu fá vaktaálag fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils.“ Í næstu greinum, það er greinum 2.6.2 til 2.6.13 er fjallað um gerð vaktskrár, sem ber að gera þar sem unnið er á reglubundnum vöktum, og fleira er lýtur að réttindum vaktavinnufólks. Þar segir meðal annars í grein 2.6.4 að vaktir skuli að jafnaði vera á bilinu sex til þrettán klukkustundir.

Grein 2.7 ber yfirskriftina „Fastar vaktgreiðslur“ og er svohljóðandi:

2.7.1 Slökkviliðsmenn ganga vaktir skv. vaktskrá.

2.7.2 Fyrir störf skv. vaktskrá, sbr. 2.7.1 ber að greiða slökkviliðsmönnum, auk fastra mánaðarlauna skv. 1.1.1, þann tímafjölda, sem hér greinir í hverjum mánuði:

33,33% vaktaálag 27,83 klst.

55,00% vaktaálag 98,70 klst.

90,00% vaktaálag 3,84 klst.

Orlof er innifalið í útreikningum þessum.

Í stefnu segir svo frá að lengi hafi sjúkraflutninga- og slökkviliðsmenn um allt land unnið samkvæmt tólf tíma vaktakerfi. Hafi dagvakt staðið frá klukkan 7:30 til 19:30 og næturvakt frá klukkan 19:30 til 7:30. Hafi stefndi gefið út ársdagatal þar sem vaktirnar voru skipulagðar eftir þessu kerfi. Greitt hafi verið vaktaálag samkvæmt grein 2.7 í kjarasamningunum. Ekki er að sjá að nokkur ágreiningur ríki um þessa lýsingu á vaktakerfi félagsmanna stefnanda fram til ársins 2015.

Í greinargerð stefnda segir að í lok árs 2014 hafi stjórnendur stefnda ákveðið að við ráðningu nýrra slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna yrði tekið mið af reglubundnum álagssveiflum í sjúkraflutningum sem lýstu sér í því að mönnunarpörf sjúkrabifreiða væri mest yfir miðjan daginn á virkum dögum. Ráðningarferli hófst í byrjun árs 2015 og lauk með því að þrettán umsækjendur voru ráðnir til starfa í mars 2015. Í greinargerð stefnda er þessi hópur kallaður R15-hópurinn. Stefndi heldur því fram að í ráðningarferlinu hafi komið fram af hans hálfu að ekki yrði ráðið á hefðbundið tólf tíma vaktakerfi, heldur kerfi sem byggst hafi á átta tíma vöktum virka daga og tólf tíma vöktum um helgar til að unnt væri að manna álagstoppa í sjúkraflutningum.

Stefnandi mótmælir því í stefnu að þetta hafi komið fram í ráðningarferlinu. Þar segir einnig að í fyrstu hafi þessi hópur unnið á tólf tíma vöktum í samræmi við hefðbundið skipulag. Vaktakerfinu hafi hins vegar verið breytt einhliða af hálfu stefnanda með því að taka síðar upp hið blandaða kerfi sem lýst hefur verið. Nýir hópar starfsmanna, sem ráðnir hafi verið árin 2017 og 2018, R17- og R18-hóparnir, hafi síðan verið látnir vinna samkvæmt þessu sama vaktakerfi. Af hálfu stefnanda kemur fram að mikil óánægja hafi verið meðal þeirra starfsmanna sem vinni samkvæmt þessu kerfi sökum þess hversu óreglulegt það sé og taki ekki tillit til fjölskyldulífs.

Með bréfi stefnanda 15. desember 2017 var óánægju með hið nýja vaktakerfi komið á framfæri við stefnda. Jafnframt var því haldið fram að þeir sem gengju þessar vaktir ættu að fá greitt fast vaktaálag samkvæmt grein 2.7 í framangreindum kjarasamningi, en það hefðu þeir ekki fengið. Lagt var til að skipaður yrði vinnuhópur til þess að finna viðunandi lausn.

Stefndi svaraði með bréfi 10. janúar 2018 þar sem fallist var á að skipa vinnuhóp til þess að fjalla um vaktakerfi starfsmanna stefnda. Vinnuhópurinn mun hafa fundað tvisvar. Á síðari fundinum var bókað að aðilar væru sammála um að of mikið bæri á milli til þess að unnt væri að leysa ágreininginn. Málið var við svo búið lagt undir Félagsdóm.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveður málið eiga undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stefnandi kveður fyrri dómkröfu hans lúta að því að fá viðurkennt með dómi að stefnda hafi verið óheimilt samkvæmt grein 2.1.2 í kjarasamningi aðila að taka einhliða upp hið blandaða vaktakerfi fyrir hluta starfandi sjúkraflutnings- og slökkviliðsmanna. Stefnandi vísar til greinar 2.1.1 þar sem segir að vinnuvika starfsmanna í fullu starfi skuli vera 40 vinnustundir nema samið sé sérstaklega um skemmri vinnutíma. Þá sé heimilt að semja við starfsmann um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða. Í grein 2.1.2 komi fram að heimilt sé að haga vinnu með öðrum hætti en greini í kaflanum með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar. Einnig sé heimilt að semja við einstaka starfsmenn um ákveðið frjálstræði um hvenær þeir gegni vinnuskyldu enda mæti það sameiginlegum þörfum starfsmanna stofnunar. Byggir stefnandi á því að blandaða vaktakerfið hafi ekki verið tekið upp samkvæmt neinu samkomulagi. Þvert á móti hafi starfsmenn lýst mikilli óánægju með það.

Stefnandi vísar einnig til greinar 2.7 en það sé sérákvæði gagnvart almennari ákvæðum framar í kaflanum. Bendir stefnandi á að almennu ákvæðin séu eins í flestum ef ekki öllum kjarasamningum sem ríki og sveitarfélög geri við stéttarfélög opinberra starfsmanna. Stefnandi byggir á því að grein 2.7 geri ráð fyrir því að slökkviliðsmenn gangi vaktir samkvæmt vaktskrá og að þar sé um að ræða eina og sama reglubundna vaktakerfið með föstum vaktgreiðslum en ekki mörg mismunandi kerfi þar sem ójafnræði ríki milli starfsmanna. Í ráðningarsamningum segi einnig að vinnutími sé samkvæmt vaktskrá.

Stefnandi byggir einnig á því að blandaða vaktakerfið sé óreglubundið, þar sem vinnutími í vinnuviku sé allt frá rúmum 20 tímum á viku upp í nærri 60 tíma, samkvæmt nýjustu útfærslu. Það standist ekki ákvæði greinar 2.1.1.

Af þessum ástæðum telur stefnandi að stefnda hafi verið óheimilt að taka umrætt vaktakerfi upp án samkomulags við starfsmenn eins og mælt sé fyrir um í grein 2.1.2.

Stefnandi kveður síðari dómkröfu sína snúast um að fá viðurkennt með dómi að stefnda beri að greiða sjúkraflutninga- og slökkviliðsmönnum, sem vinna samkvæmt blandaða vaktakerfinu, vaktaálag samkvæmt grein 2.7 í sama kjarasamningi, það er fastar vaktgreiðslur. Kveður hann kröfuna eiga við hvort sem komist verði að niðurstöðu um lögmæti eða ólögmæti blandaða vaktakerfisins.

Krafan sé reist á því að orðalag samningsákvæðisins sé skýrt og fortakslaust. Stefnda beri skilyrðislaust að greiða slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum vaktaálag eins og þar sé kveðið á um enda starfi þeir samkvæmt vaktskrá.

Stefnandi bendir enn fremur á að grein 2.7 sé sérákvæði gagnvart öðrum kjarasamningsákvæðum í kafla 2 og gangi þar af leiðandi framar þeim. Hið sama eigi við um sambandið milli greina 2.7 og 1.6. Grein 2.7 sé sérákvæði sem eigi sér langa hefð og sé forsenda kjarasamningsins í heild. Hið blandaða vaktkerfi sem hér sé til umfjöllunar sé einhvers konar

bútasumur utan um þarfir sem stefndi hafi nýlega skilgreint í starfsemi sinni. Eins og stefndi framkvæmi það sé það alfarið á kostnað starfsmannanna sem sé ætlað að vinna samkvæmt því. Með þessu hafi félagsmönnum stefnanda í raun verið skipt í tvo hópa þar sem annar njóti lakari launakjara og óhagstæðari vinnuskilyrða að öðru leyti en hinn. Allt þetta fari þvert gegn meginforsendum kjarasamningsins sem birtist í tilvísuðum kjarasamningsgreinum.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og öðlist því ekki frádráttarrétt við greiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri lögmannspjónustu.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi kveður meginmálsástæðu sína fyrir sýknu vera reista á því að ákvörðun um innleiðingu blandaðs vaktafyrirkomulags, sem hafi samanstðið af 8/12 tíma vöktum, hafi verið í samræmi við reglur vinnuréttar og kjarasamnings. Þá byggji sýknukrafan á því að vaktaálag samkvæmt hinu blandaða vaktafyrirkomulagi skuli fara eftir grein 1.6.1 í kjarasamningnum.

Varðandi fyrra atriðið vísar stefndi til þess að meginforsenda breytingarinnar á vaktafyrirkomulaginu hafi verið að mæta reglubundnum álagssveiflum í sjúkraflutningum. Með reglubundnum álagssveiflum sé átt við sveiflur sem endurtaki sig milli daga og tíma sólarhrings og séu mælitæki að skynsamlegri ákvörðun um fjölda sjúkrabifreiða og mönnunarþörf á hverjum tíma. Stefnandi vísar til mælinga sem hafi farið fram á álagssveiflum í sjúkraflutningum. Minnst álag sé um nætur en mest um miðjan dag eða um sjö sinnum meira. Álagssveiflur um helgar séu ekki hliðstæðar heldur sé aukið álag aðfaranótt laugardags og sunnudags. Stefnandi leggur áherslu á að reglubundnu sveiflurnar séu ekki bara miklar heldur aukist þær milli ára. Einboðið sé að stefndi, sem beri ábyrgð á þessari þjónustu, verði að manna sig í takt við álagið og sveiflur á því.

Til að mæta þeim kröfum og þörfum sem þjónustan útheimti á hagkvæman hátt hafi stefndi ráðist í að gera nýtt vaktafyrirkomulag – hið blandaða 8/12 tíma vaktakerfi. Þannig hafi verið útbúið vikuyfirlit yfir áætlaða þörf á viðbótarsjúkrabifreiðum. Út frá vikuyfirlitinu hafi verið búið til vaktafyrirkomulag sem hafi byggt á sex vikna vinnuskipulagi með að meðaltali 40 tíma vinnuviku. Til að auka sveigjanleikann hafi verið settar inn tvær vikur (gular vikur) sem ekki hafi verið raðað í til lengri tíma, heldur hafi verið raðað inn í þær með að lágmarki mánaðar fyrirvara. Sú hugsun hafi legið að baki að unnt væri að raða starfsmönnum til lengri tíma á vaktskrá en að þeir væru meðvitaðir um að eftir væri að raða á tvær vikur af átta.

Stefndi kveður tvo starfsmenn byrja að ganga vakt sömu vikuna. Til að koma í veg fyrir að sömu starfsmenn séu alltaf saman á vakt færist annar þeirra niður vikurnar en hinn upp. Sem dæmi megi nefna að tveir starfsmenn vinni saman viku 5. Annar þeirra færist þá næst á viku 6 en hinn á viku 4.

Við niðurröðun á vaktir kveður stefndi að farið hafi verið eftir ákvæðum kjarasamnings um vinnutíma og hvíldartöku. Þannig hafi þurft að gæta að því að vaktir væru ekki lengri en 13 tímar, að 11 tíma hvíldartími milli vakta væri tryggður og að einu sinni í viku væri samfelld 35 tíma hvíld, sbr. grein 2.4.4 í kjarasamningi. Vekur stefndi sérstaka athygli á því að vaktakerfið hafi verið unnið í samráði og samvinnu við fulltrúa starfsmanna sem hafi komið með athugasemdir og tillögur sem tekið hafi verið tillit til. Bendir stefndi í þessu sambandi sérstaklega á tilvik þar sem fallist var á að breyta fyrirkomulagi á hvíld milli vakta um helgar með nánar tilgreindum hætti.

Stefndi byggir á því að heimild hans til að láta starfsmenn sína vinna vaktavinnu sé ótvíræð. Í því sambandi vísar stefndi meðal annars til greinar 2.5 í samningi um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launaneftdar sveitarfélaga annars vegar og ASÍ, BHM, BSRB og KÍ hins vegar frá 23. janúar 1997. Þar segi um vaktavinnu: „Vinna sem skipt er niður í mismunandi vinnutímabil/vaktir skv. ákveðnu kerfi, þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum.“

Stefndi vísar til þess að á grundvelli stjórnunarréttar hafi hann forræði á tilhögun vaktafyrirkomulags og nánari útfærslu þess og að honum séu ekki settar aðrar skorður í því sambandi en lög og kjarasamningar geri ráð fyrir. Það sé ekkert launungarmál að hagræðingarsjónarmið hafi ráðið för þegar ráðist hafi verið í gerð nýs vaktafyrirkomulags. Að mati stefnda geti hagræðingaraðgerðir, sé þeirra á annað borð þörf, aldrei talist ómálefnaleg ástæða fyrir breyttu vinnufyrirkomulagi, sérstaklega ekki þegar breytingin tekur allt frá upphafi til ákveðins hóps nýrra starfsmanna og byggi á forsendum sem báðir aðilar, það er jafnt vinnuveitandi og hlutaðeigandi starfsmaður, hafa lagt til grundvallar ráðningarsambandinu. Stefndi vísar í þessu sambandi til ítarlegrar kynningar sem nýliðar hafi fengið um hið blandaða vaktafyrirkomulag áður en þeir hafi hafið störf. Átti hópnum í heild því ekki að dyljast fyrirkomulagið og einstök atriði þess. Gagnvart hverjum og einum nýjum starfsmanni sem réði sig til stefnda á grundvelli blandaða vaktakerfisins sé sjálfur ráðningarsamningurinn og launagreiðslur ríkasta sönnunin.

Vegna málatilbúnaðar stefnanda tekur stefndi fram að allt frá því að hið blandaða vaktafyrirkomulag var fyrst kynnt fyrir R15-hópnum og fulltrúum starfsmanna á vinnustað og þar til það var að lokum innleitt í starfseminu hafi aldrei verið bornar brigður á heimild stefnda til að koma því á eða athugasemdir gerðar við fyrirkomulagið sem slíkt. Einu áhyggjur fulltrúanna hafi lotið að framsetningu kerfisins, nánar tiltekið að því að skýrleiki þess yrði tryggður svo engin óvissa ríkti meðal nýliða og annarra starfsmanna um vinnutilhögun. Það sé því alrangt sem fullyrt sé í stefnu að hið blandaða vaktakerfi sé ekki samkvæmt neinu samkomulagi. Þvert á móti hafi gerð þess og innleiðing verið í samráði og samvinnu við fulltrúa starfsmanna í félagi stefnanda. Þá hafi verið fjallað um einstakar ábendingar og athugasemdir og fyrirkomulaginu breytt til að koma til móts við nokkrar þeirra.

Loks byggir stefndi á því að stefnandi hafi aldrei gert ágreining um lögmæti hins blandaða vaktakerfis fyrir en við höfðun þessa dómsmáls. Til marks um það nægi að benda á bréf stefnanda til stefnda 15. desember 2017 og fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og stefnanda 19. júní sl. Þar komi fram að ekki væri ágreiningur um lögmæti hins blandaða vaktafyrirkomulags heldur hvort starfsmenn sem gangi vaktir samkvæmt því eigi rétt á föstum vaktgreiðslum. Raunar hafi stefnandi aflað lögfræðialits þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að stefnda væri heimilt að breyta vaktakerfi úr tólf tíma vöktum í blandaðar 8/12 tíma vaktir.

Samkvæmt framansögðu standi engin rök til þess að fallast á fyrri dómkröfu stefnanda og því beri að sýkna stefnda af henni.

Stefndi krefst einnig sýknu af síðari dómkröfu stefnanda er lýtur að föstum vaktgreiðslum. Stefndi vísar til þess að allir sem ráðnir hafi verið til starfa hjá stefnda sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn vinni vaktavinnu af einhverju tagi. Í gildi sé kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og stefnanda með gildistíma 1. maí 2015 til 31. mars 2019. Í grein 2.6 í samningnum, sem fjalli um vaktavinnu og hafi haldist efnislega óbreytt að minnsta kosti frá árinu 1995, komi m.a. fram að starfsmenn sem vinni á reglubundnum vöktum skuli fá vaktskrá sem sýni væntanlegan vinnutíma starfsmannsins afhenta mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefjist. Í ákvæðinu sé hvergi minnst á að framlagning skrárinnar sé bundin við ákveðið vaktafyrirkomulag, hvort sem starfsmenn gangi vaktir eftir blönduðu vaktakerfi eða föstu, heldur sé henni ætlað að sýna vinnutíma starfsmannsins með það fyrir augum að hann geti skipulagt tíma sinn utan vinnu.

Hið blandaða 8/12 tíma vaktakerfi geri ráð fyrir því að starfsmenn vinni að nokkrum hluta dagvinnu. Hér sé um að ræða starfsmenn sem hafi hafið störf árið 2015 og síðar, þ.e. R15-, R17- og R18-hópar. Annar vinnutími sem skilgreindur sé sem afbrigðilegur og óþægilegur sé bættur starfsmönnum samkvæmt grein 1.6 í kjarasamningi. Á því sé byggt að eins og vaktakerfi umræddra hópa sé uppbyggt sé útilokað að miða útreikning vaktaálags við aðrar forsendur en fram komi í tilvitnuðu ákvæði. Með öðrum orðum telur stefndi að vaktafyrirkomulagið rúmist ekki innan greinar 2.7 í kjarasamningnum sem fjalli um fastar vaktgreiðslur. Til nánari skýringar vísar stefndi til þess að grein 2.7 hafi fyrst komið inn í kjarasamning Reykjavíkurborgar, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands slökkviliðsmanna sem undirritaður hafi verið 21. maí 1997, með gildistímann 1. maí 1997 til 31. október 2000. Tilurð ákvæðisins hafi fyrst og fremst verið til þægindaauka fyrir starfsmenn og starfsemina, að reikna út meðaltalsvaktaálag fyrir 12 tíma vaktir. Starfsmenn hafi þá fengið sama vaktaálag allt árið, m.a. þegar þeir hafi verið í orlofi sem aftur hafi gert allan launaútreikning mun einfaldari. Stefndi vekur sérstaka athygli á því að á þeim tíma sem ákvæðið hafi verið sett í kjarasamninginn hafi álagssveiflur verið allt öðruvísi og minni en í dag, kjaraumhverfi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna allt annað og því hægt að mæta álagssveiflum á annan hátt.

Nánar kveðst stefndi byggja á því að R15-, R17- og R18-hóparnir eigi hvorki rétt á né geti gert tilkall til að njóta fastra vaktgreiðslna samkvæmt grein 2.7 í kjarasamningnum. Það séu einungis þeir starfsmenn sem vinni á fyrirfram ákveðnu tólf tíma vaktakerfi sem eigi rétt á greiðslu vaktaálags í skilningi greinarinnar. Þá skipti einnig máli í þessu sambandi að allir útreikningar sem liggi meðaltalinu í grein 2.7 til grundvallar miðist við tólf tíma vaktir, enda sameiginleg ákvörðun samningsaðila á sínum tíma að reikna út það meðaltal til þægindaauka. Að því leyti sé ákvæðið sérákvæði gagnvart öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Að mati stefnda sé alveg útilokað að túlka ákvæðið þannig að það gangi framar grein 1.6 í kjarasamningi aðila, sé á einhvern hátt rétt hærra. Í því sambandi vísar stefndi meðal annars til þess hvernig það myndi horfa við stefnanda ef stefndi tæki upp á því að láta þá starfsmenn sem gangi 12 tíma vaktir samkvæmt vaktskrá, og njóti sem slíkir fastra vaktgreiðslna, vinna hlutfallslega fleiri nætur- og helgarvaktir með þeim afleiðingum að þeir fengju greitt minna vaktaálag samkvæmt grein 2.7 en þeir ættu rétt á samkvæmt grein 1.6.

Stefndi telur því að lögmætar og málefnalegar forsendur liggi að baki ákvörðun stefnda um að greiða vaktaálag samkvæmt grein 1.6. Athugun sem stefndi hafi látið gera á álagssveiflum í sjúkraflutningum hafi leitt í ljós að þörf væri á auknum mannskap yfir daginn þegar álagið væri mest. Við ráðningu árið 2015 hafi verið brugðist við þessum vanda með innleiðingu blandaðs vaktafyrirkomulags. Þessu fyrirkomulagi er nánar lýst í greinargerð stefnda en þar kemur meðal annars fram að þremur sjúkrabifreiðum sé bætt við þegar álagið aukist. Þær eru mannaðar starfsmönnum á blandaða vaktakerfinu. Öllum 53 starfsmönnum sem gangi vaktir samkvæmt því kerfi sé dreift niður á vakthópa A-D ásamt starfsmönnum á 12 tíma vaktakerfinu. Á nokkurra vikna fresti detti þeir út úr vakthópnum til að manna viðbótarsjúkrabifreiðarnar. Fyrir vaktirnar fái allir starfsmennirnir, með engri undantekningu, greitt samkvæmt grein 1.6 í kjarasamningi. Það sé í samræmi við meginreglu vinnuréttar um að starfsmenn sem vinni sama starf skuli fá greidd sömu laun. Þá blasi við að vegna eðlis vaktafyrirkomulagsins sé einungis unnt að styðjast við reikningslegar forsendur sem fram komi í grein 1.6 í kjarasamningi. Ef fallist yrði á það með stefnanda að umræddir starfsmenn ættu rétt á föstum vaktgreiðslum nyту þeir ríkari og betri réttar umfram kjarasamning og ráðningarsamband. Stefndi byggir á því að það hafi verið meginforsenda ráðningarsambands umræddra starfsmanna og stefnda að þeir tilheyrðu blandaða 8/12 tíma vaktkerfinu og að um framtíðar skipan mála væri að ræða. Að mati stefnda séu kröfur stefnanda í fullkomnu ósamræmi við það vaktafyrirkomulag sem innleitt hafi verið í starfsemi stefnda til að bregðast við reglubundnum álagssveiflum á hagkvæman hátt. Nánar sé á því byggt að miðað við ráðningarforsendur og þær reikningslegu forsendur sem kjarasamningur geri ráð fyrir geti starfsmenn á blandaða 8/12 tíma vaktakerfinu aðeins notið réttar samkvæmt grein 1.6 í kjarasamningnum. Réttur í skilningi greinar 2.7 í kjarasamningnum hafi aldrei verið fyrir hendi fyrir þennan hóp og því beri að sýkna stefnda af kröfuleið tvö.

Til stuðnings framangreindu vísar stefndi til meginreglna íslensks vinnuréttar um stjórnunarrétt vinnuveitanda. Þá vísar hann til kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna 1. maí 2015 til 31. mars 2019, einkum greinar 1.6, 2.4.3.1, 2.4.4 og 2.7. Um málskostnaðarkröfu vísar stefndi til 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stefnandi reisir báðar dómkröfur sínar á því að grein 2.7 í kjarasamningi aðila geri ráð fyrir því að slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn gangi vaktir samkvæmt sama vaktakerfinu með föstu vaktaálagi. Til stuðnings fyrri dómkröfu sinni teflir stefnandi því fram að vegna þessa hafi þurft að semja sérstaklega um frávik frá því vaktafyrirkomulagi, sbr. grein 2.1.2, en þar sé veitt heimild til að víkja frá ákvæðum 2. kafla kjarasamningsins með samkomulagi við starfsmenn. Enn fremur telur stefnandi að umrætt vaktakerfi fari í bága við grein 2.1.1 þar sem vinnutíminn sé óreglubundinn. Þess vegna hafi borið að semja sérstaklega um frávik að því leyti samkvæmt grein 2.1.2.

Í málavaxtalýsingu er gerð grein fyrir efni greina 2.6 og 2.7 sem báðar lúta að vöktum og vaktaálagi, sem og almennu ákvæði greinar 1.6.1 þar sem meðal annars er kveðið á um hvert vaktaálagið skuli vera sem hlutfall af dagvinnukaupi. Samkvæmt efni sínu eru ákvæðin misvísandi um það hvort greiða beri starfsmönnum sem ganga vaktir samkvæmt vaktskrá fast vaktaálag samkvæmt grein 2.7 eða vaktaálag fyrir unnin störf á tíma sem fellur utan venjulegs dagvinnutíma, sbr. einkum grein 2.6.1. Af því sem fram kom við aðalmeðferð málsins verður ráðið að starfsmenn stefnda eru almennt ráðnir bæði í starf sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanna og enginn greinarmunur er þar gerður. Ekki er því unnt að draga neinar ályktanir um gildissvið greinar 2.7 gagnvart greinum 1.6.1 og 2.6 af því að í henni er einungis talað um slökkviliðsmenn.

Staða samningsaðila gefur ekki tilefni til að láta annan hvorn þeirra bera hallann af misvísandi efni kjarasamningsins þannig að eitt umsamið fyrirkomulag gangi framar hinu. Samþykki beggja samningsaðila á greinum 1.6.1 og 2.6 í kjarasamningnum skuldbindur þá með sama hætti og samþykki þeirra við efni greinar 2.7. Við þessar aðstæður verður að leitast við að túlka gildissvið ákvæðanna þannig að þau fái samrýmst. Allt að einu er ófært í ljósi greina 1.6.1 og 2.6 í kjarasamningnum, og þá einkum greinar 2.6.4, að draga þá afdráttarlausu ályktun að allir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn eigi að ganga sömu tólf tíma vaktirnar gegn föstu vaktaálagi í samræmi við grein 2.7. Kjarasamningur aðila hindraði því ekki að stefndi viki frá eldra vaktafyrirkomulagi á þann hátt sem hann gerði gagnvart þeim hópum sem ráðnir voru 2015, 2017 og 2018 í því skyni að bregðast við auknu álagi í sjúkraflutningum á tilteknum tíma sólarhringsins. Af framburðum vitna og framlögðum gögnum verður og ráðið

að áform um hið breytta vaktafyrirkomulag hafi verið kynnt fyrir umsækjendum í ráðningarferlinu.

Þau gögn sem lögð hafa verið fyrir Félagsdóm um hið nýja vaktafyrirkomulag sýna að vikulegur vinnutími getur verið nokkuð breytilegur. Sveiflurnar eru mestar þá mánuði er starfsmenn ganga tólf tíma vaktir en samkvæmt ódagsettu yfirliti yfir vaktafyrirkomulagið virðist þá unnið fjóra eða fimm daga í senn með jafnlöngum fríum á milli. Sama gagn ber enn fremur með sér að vinnuvika starfsmanna sem ganga þessar vaktir er að jafnaði 40 stundir. Samið er í ráðningarsamningi um það að starfsmaður gangi vaktir. Vegna eðlis vaktavinnu verður að líta svo á að í því felist samþykki fyrir einhverju flökki á 40 stunda vinnuviku samkvæmt grein 2.1.1 enda sé þess gætt að það jafnist út yfir lengri tíma.

Samkvæmt framansögðu er ekki unnt að fallast á að stefnda hafi vegna tilgreindra ákvæða kjarasamningsins verið óheimilt að taka upp hið blandaða vaktakerfi fyrir hluta starfandi sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanna. Því ber að sýkna stefnda af fyrri dómkröfu stefnanda.

Með síðari dómkröfu sinni leitar stefnandi viðurkenningar á því að stefnda beri ávallt að greiða þeim sem eru á blönduðum vöktum fast vaktaálag samkvæmt grein 2.7. Í því sambandi ber að áréttast að kjarasamningurinn gerir ráð fyrir tvenns konar fyrirkomulagi á greiðslu vaktaálags, annars vegar föstu vaktaálagi sem leggst ofan á mánaðarlaun samkvæmt grein 2.7 og hins vegar vaktaálagi fyrir unnin störf á tíma sem fellur utan venjulegs dagvinnutíma, sbr. grein 1.6.1 og 2.6.1. Umrædd samningsákvæði mæla öll fyrir um skyldu. Eins og áður segir verður að leitast við að túlka gildissvið þeirra þannig að þau fái samrýmst.

Óumdeilt er að grein 2.7 tekur mið af því að starfsmenn gangi hinar hefðbundnu tólf tíma vaktir. Mánaðarlegur tímafjöldi sem þar er umsaminn er reiknaður út miðað við það að teknu tilliti til þeirra hlutfallstalna sem kveðið er á um í grein 1.6.1. Ákvæðið felur því í sér nánari útfærslu vaktaálags miðað við tiltekna almennar forsendur. Í því ljósi ber að afmarka þá skyldu sem mælt er fyrir um í greininni við þá starfsmenn sem þær forsendur eiga við. Samkvæmt því ber að líta svo á að hún taki aðeins til þeirra starfsmanna sem ganga tólf tíma vaktir en um aðra gilda almennari fyrirmæli greina 1.6.1 og 2.6.1 Af þessum sökum er ekki efni til þess að verða við síðari kröfu stefnda um viðurkenningu þess að þeir sem eru á blönduðum vöktum fái einnig fast vaktaálag samkvæmt grein 2.7.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna anna dómsformanns. Við uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Dómsorð

Stefndi, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., er sýkn af kröfum stefnanda, Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Stefnandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir
Ásmundur Helgason Ragnheiður Harðardóttir
Gísli Gíslason Sonja H. Berndsen